



Fjölbrautaskólinn við Ármúla Ársskýrsla 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Dagskólanemendur	4
Fjöldi.....	4
Fjöldi nýnema.....	5
Fjöldi nemenda eftir landshlutum.....	6
Skipting nemenda á brautir.....	7
Hlutfallsleg skipting í bók- og starfsnám	8
Kynjaskipting -þróun	8
Kynjaskipting bók- og starfsnám	8
Meðalaldur – þróun	9
Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir.....	10
Nemendur með annað móðurmál en íslensku (AM-nemendur)	11
Fjarnemar	12
Fjöldatölur - þróun	12
Fjöldatölur - skipting milli landshluta.....	13
Kynjaskipting	13
Aldursdreifing.....	13
Skipting skráninga gagnvart lokaprófi.....	13
Rekstur	15
Námskraftur	15
Stefnur, áætlanir og verkefni	16
Umhverfismál.....	16
Jafnréttismál	16
Kynningarmál	16
Erlend samstarfsverkefni	17
Félagsmál	17
Forvarnarmál.....	18
Setrið	18
Lokaorð	19
Viðauki A: Upprunalönd nemenda við FÁ á heimskortinu (blá)	20

Inngangur

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var formlega stofnaður 1981 en hefur verið framhaldsskóli síðan 1979. Hann þróaðist sem framhaldsskóli úr nokkrum framhaldsdeildum gagnfræðiskóla í Reykjavík. Upphaflega voru vestur- og austurálma skólans reistar fyrir Gagnfræðiskóla verknáms og voru saumastofur í austurálmunni en í vesturálmunni verkstæði fyrir málm- og tréðingreinar. Síðar voru framhaldsdeildir gagnfræðiskóla fyrir heilbrigðis-, uppeldis- og verslunarsvið fluttar inn í skólann.

Í dag er skólinn vel búinn tækjum og allar álmur hans samtengdar. Í húsinu eru auk kennslustofa: Fyrirlestrasalur, afgreiðsla, skrifstofuaðstaða, tölvuver, tvö vinnuherbergi kennara, tónlistarrými fyrir nemendur, hátíðarsalur, mötuneyti auk sérhæfðra kennslurýma fyrir sérnámsbraut, raungreinar og heilbrigðisgreinar. Námsbrautir við skólann eru tæplega tuttugu talsins á sviði hefðbundins bóknáms, fornáms, listnáms, heilbrigðisgreina auk sérnámsbrautar. Bóknámsbrautir eru félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut, heilbrigðisvísindabraut, viðskipta- og hagfræðibraut, íþrótt og heilbrigðisbraut auk opinnar stúdentsbrautar. Í heilbrigðisgreinum er einkum boðið upp á starfsnám og eru fjölmennustu hóparnir þar nemendur í sjúkraliðanámi, á heilsunuddbraut og í tanntækni. Margir nemendur af starfsbrautum ljúka stúdentsnámi með viðbótarnámi sem skólinn býður upp á. Þá býður skólinn upp á umfangsmesta fjarnám landsins en að jafnaði er boðið upp á kennslu í um 90 áföngum og vorin og haustin. Einnig er kennt á sumrin en kennslan jafnan minni að umfangi.

Fastir starfsmenn við skólann haustið 2024 voru um 114 (31 karl og 83 konur). Við skólann starfa um 80 kennarar auk skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, gæðastjóra, umsjónarmanns erlendra samskipta, bókasafnsfræðings, fjármálastjóra, fimm námsráðgjafa, fimm þroskaþjálfara, sálfræðings auk stuðningsfulltrúa og stundakennara. Skjalastjóri starfaði við skólann vorið 2024 og frá haustinu 2024 var ráðinn markaðs- og kynningarstjóri við skólann.

Haustið 2023 bættust sex nýir starfsmenn við skólann þegar skólinn tók tímabundið yfir Námskraft. Í febrúar 2024 tók skólinn svo við Námskrafti til frambúðar.

Fyrsti kennsludagur ársins 2024 var 4. janúar og síðasti kennsludagur 10. maí. Kennsla haustannar hófst 19. ágúst en síðasti kennsludagur 6. desember.

Í janúar 2024 hlaut skólinn styrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til þess að útbúa orðalista fyrir erlenda nemendur í heilbrigðisnámi. Styrkurinn er að upphæð tvær milljónir og er unnið að verkefninu í samstarfi við FB sem einnig var styrktur um sömu upphæð.

Nemendur skólans tóku þátt í fjölmörgum keppnum utan skólans. Lið skólans sló lið Verslunarskóla Íslands út í Morfís í janúar. Nemendur skólans hlutu þriðju verðlaun í [Mema-nýsköpunarhraði](#) framhaldsskólanna. Rafíþróttalið skólans tók þátt í FRÍS (rafíþróttakeppni framhaldsskólanna) en missti naumlega af sæti í undanúrslitum. Þá fór hópur á vegum skólans alla leið til Kaupmannahafnar til þess að taka þátt í Drug Hunters-keppni.

Skólaárið litaðist af fundum, samkomum og heimsóknum. Skólinn hélt starfsþróunardag með öðrum framhaldsskólum 1. mars og opið hús 5. mars. Þann 19. mars heimsótti Ásmundur Einar Daðason menntamálaráðherra skólann og voru EKKÓ-myndbönd frumflutt í stútfullum hátíðarsal. Halla Tómasdóttir forseti Íslands heimsótti skólann 3. október og hitti starfsfólk og nemendur. Þá var árdagur að vori með venjubundnu sniði og skólafundur 9. október. Þá fékk skólinn margar heimsóknir frá útlendum skólum auk þess að taka þátt í erlendu samstarfi í útlöndum. Starfsmenn fóru saman til Portúgal í maí og sóttu heim skóla í Porto.

Í mars var jafnlaunakerfi skólans endurvottað og þann 10. október hlaut skólinn viðurkenningu [Jafnvægisvogarinnar](#) annað árið í röð. Þá var skólinn einn 14 afhendingarskyldra aðila til að vera fyrirmyndar skjalavörður hjá Þjóðskjalaverði Íslands.

Á alþjóðamannréttindadaginn birtist viðtal UNESCO skóla við Bryndísi Valsdóttur á vef [Félags Sameinuðu þjóðanna](#).

Til stendur að skólinn taki upp nám í fótagerðafræðum og sjúkraflutningum og voru viðræður um það í gangi á árinu 2024.

Ný heimasíða var tekin í gildi 9. september 2024 í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Stefnu.

Sú ákvörðun var tekin að færa umfjöllun um Stofnun ársins sem og annað mat alfarið yfir í sjálfsmatsskýrslu skólans en þær eru gerðar fyrir hvert skólaár og aðgengilegar á heimasíðu hans.

Þegar tölur ársins eru skoðaðar þá eru nokkur atriði sem standa upp úr

- a) Skólinn er að taka við sífellt fleiri nýnemum og eru árin 2023 og 2024 metár.
- b) Nemendahópurinn í dagskóla er að yngjast hratt hvort sem lítið er til stúdentsnáms eða starfsbrauta í heilbrigðisgreinum.
- c) Frá 2023 hefur orðið sú breyting að opin stúdentsbraut er fjölmennasta stúdentsbraut skólans.
- d) Nemendum í fjarnámi heldur áfram að fjölga og árið 2024 voru skráningar í fjarnám fleiri en árið 2020 þegar heimsfaraldur vegna covid-19 gekk yfir landið

Dagskólanemendur


Fjöldi

Gögn um nemendafjölda skólans árið 2024, eins og undanfarin ár, koma frá Hagstofu Íslands og eru aðgengilegar gegnum Innu. Viðmiðunardagsetningar nemendafjöldans voru 25. janúar (vorönn) og 8. september (haustönn), u.þ.b. þremur vikum eftir upphaf kennslu. Nemendafjöldi á vorönn 2023 var 812 og á haustönn 902.

2020		2021		2022		2023		2024	
vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust
839	907	853	859	773	893	810	917	812	902

Þar sem skólinn hefur nú endanlega tekið við Námskrafti þá eru nemendur þar inni í heildarfjölda dagskólanema. Nemendur í Námskrafti voru 37 talsins á haustönn 2024 á móti 27 um vorið.

Fjöldi dagskólanema er mjög svipaður og undanfarin ár. Færri nemendur eru að vori en að hausti.



Síðan námstími til stúdentsprófs var stytur þá hefur nemendum fækkað úr u.þ.b 1000 í u.þ.b 900 sem er talsvert minna en fjórðungs fækkun. Skýringin liggur að einhverju leyti í samsetningu nemendahópsins en um 50% nemenda er á stúdentsbrautum.

Fjöldi nýnema


Með nýnema er átt við þá nemendur sem fæddir eru 2008. Fjöldi nýnema innritaðist í skólann haustið 2024 en 2023 en er engu að síður í hæstu hæðum og er nær tvöfalt meiri en hann var fyrir tíu árum síðan. Nýnemar voru 217 talsins þar af 18 úr Námskrafti.

Haustönn	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi nýnema	116	103	142	166	236	217

58% nýnema komu af höfuðborgarsvæðinu og 38% úr nágrannasveitafélögum Reykjavíkur. Það er mjög svipað hlutfall og í dagskólanum almennt. 39% nýnemanna komu í skólann til að vera í fornámi sem er hærra en í dagskólanum en einungis 8,3% voru í starfsnámi í heilbrigðisgreinum.

Að minnsta kosti 36 nýnemar af 217 voru AM-nemendur eða um 16,6%. Um 108 nýnemar völdu FÁ sem fyrsta val en 109 haustið 2023. Haustið 2024 var þriðja haustið í röð þar sem meirihluti nýnema valdi skólann í fyrsta vali.

Fjöldi nýnema skv. ársskýrslum 2014-2024



Þessi mikli fjöldi nýnema hefur leitt til þess að meðalaldur nemenda fellur hratt og er nú undir 18 ára aldri bóknámi og námi á nýsköpunar- og listabraut.

Fjöldi nemenda eftir landshlutum

Haustið 2024 voru 899 nemendur skráðir póstnúmer samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands, þar af 560 (62%) í Reykjavík. Á vorönn voru 796 nemendur skráðir með póstnúmer þar af 490 (62%) í Reykjavík. Um 30% komu svo úr nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Inn í tölur vorannar vantar 10 nemendur úr Námskrafti.

Bæjarfélag	vor 2024	haust 2024
Garðabær	50	55
Hafnarfjörður	83	94
Kópavogur	84	106
Mosfellsbær	25	24
Seltjarnarnes	12	13
Samtals	254 (28%)	292 (32%)

Hlutfallslega fáir nemendur stunda nám við skólann af landsbyggðinni eins og undanfarin ár. Flestir nemendur koma af Suðurlandi og Suðurnesjum.

Landshluti	vor 2024	haust 2024
Austurland	4	3
Norðurland eystra	3	5
Norðurland vestra	1	1
Suðurland	17	12
Suðurnes	15	15
Vestfirðir	3	2
Vestmannaeyjar	2	2
Vesturland	7	7
Samtals	52 (7%)	47 (5%)

Skipting nemenda á brautir

Námsbrautir skólans eru flokkaðar eins og í ársskýrslu 2023 í fornám, ótilgreint, sérnámsbraut, starfsnám og stúdentsnám eftir lokamarkmiðum náms.

Fjölmennasta námsbraut skólans vorið 2024 var almenn braut og er hún undirbúningur undir frekara nám í framhaldsskóla (fornám). Af stúdentsbrautum var opin braut fjölmennust en sjúkraliðabraut/sjúkraliðabráú í starfsnámi. Þessar brautir voru líka fjölmennastar árið 2023 en árið 2022 voru félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut fjölmennastar af stúdentsbrautum.

Hér fyrir neðan eru námsbrautir við skólann sem nemendur voru skráðir á árið 2024 í stafrófsröð ásamt flokkun (tegund)

Braut – heiti	Tegund	vor 2024	haust 2024
Almenn námsbraut	Fornám	147	135
Félagsfræðibraut	Stúdentsnám	71	76
Fjarnámsbraut/ótilgreint	Ótilgreint	11	3
Grunnnám heilbrigðisgreina	Starfsnám	15	15
Heilbrigðisritarabraut	Starfsnám	7	3
Heilbrigðisvísindabraut	Stúdentsnám	18	29
Heilsunuddbraut	Starfsnám	38	40
Hugvísindabraut	Stúdentsnám	1	1
Íþrótt- og heilbrigðisbraut	Stúdentsnám	30	37
Lyfjatæknabraut	Starfsnám	10	12
Námsbraut fyrir sóttþreinsitækna	Starfsnám	0	3
Námskraftur	Fornám	27	37
Náttúrufræðibraut	Stúdentsnám	45	46
Nýsköpunar- og listabraut	Starfsnám	51	69
Opin stúdentsbraut	Stúdentsnám	141	193
Sjúkraliðabraut	Starfsnám	70	64
Sjúkraliðabráú	Starfsnám	13	9
Sérnámsbraut	Sérnámsbraut	39	38
Tanntæknabraut	Starfsnám	29	35
Viðskipta- og hagfræðibraut	Stúdentsnám	47	52
Viðbótarnám til stúdentsprófs	Stúdentsnám	2	3
Samtals		812	900

Hlutfallsleg skipting í bók- og starfsnám

Hlutfallsleg skipting nemenda er mjög svipuð og árið 2023. Tæplega helmingur nemenda er á stúdentsbrautum, tæplega 30% í starfsnámi og um 20% í fornámi. Um 5% er svo á starfsbraut. Inn í tölur vorannar vantar 10 nemendur úr Námskrafti.

Tegund náms	vor 2024 (%)	haust 2024 (%)
Ótilgreint nám	1,2	0,7
Stúdentsnám	44,3	48,3
Fornám	20,4	19,4
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	22,9	19,7
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	6,4	7,6
Sérnámsbraut	5,0	4,2

Kynjaskipting -þróun

Frá og með vorönn 2022 urðu þær breytingar að nemendur gátu gefið upp annað kyn en karlkyn (kk) og kvenkyn (kvk). Sá hópur sem skilgreinir sig utan

hins hefðbundna kynjakerfis er áfram fámennur. Inn í tölur vorannar vantar 10 nemendur úr Námskrafti.


Kyn	vor 2024 (%)	haust 2024 (%)
KK	44,1	43,9
KVK	58,6	55,7
Annað eða ótilgreint	0,1	0,4
Samtals	100,0	100,0

Kynjaskipting bók- og starfsnám

Konur voru í meirihluta í öllum tegundum náms nema í stúdentsnámi og á sérnámsbraut. Vegna fámennis var sundurgreiningu annarra kynja sleppt.


haust 2024 (%)		
Tegund náms	KK	KVK
Ótilgreint nám	0,0	0,7
Stúdentsnám	26,1	22,2
Fornám	9,3	10,1
Starfsnám, heilbrigðisbrauta	3,4	16,3
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	2,4	4,9
Sérnámsbraut	2,7	1,6
Samtals	43,9	55,7

Kynjaskipting var í sögulegu ljósi dæmigerð en að jafnaði hafa konur verið 55% nemenda undanfarin ár en karlar um 45%.



Meðalaldur – þróun

Meðalaldur dagskólanemenda var 20,8 ár á vorönn og 19,8 ár á haustönn 2024. Meðalaldur fer lækkandi við skólann og munar þar um nýnemahópa undanfarin ár. Inn í þessar tölur vorannar vantar 10 nemendur úr Námskrafti.




Lækkun meðalaldurs er sýnilegur í öllum hópum en mestur á heilbrigðisbrautum þar sem nemendur eru elstir.

Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir

Flestir stúdentar útskrifuðust af opinni braut á báðum önnum en flestir úr starfsnámi af sjúkraliðabraut.

Braut	vor 2024	haust 2024
Félagsfræðibraut	10	12
Íþrótta- og heilbrigðisbraut	3	1
Náttúrufræðibraut	12	6
Viðskipta- og hagfræðibraut	3	0
Nýsköpunar- og listabraut	3	4
Opin braut	26	25
Sérnámsbraut	0	0
Heilbrigðisritarabraut	5	1
Heilsunuddbraut	6	5
Lyfjatæknabraut	1	1
Sjúkraliðabraut	17	9
Tanntæknabraut	6	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	11	15
Samtals	103 (94)	79 (72)

Tölu innan sviga tákna fjölda einstaklinga en heildartalan er fjöldi brautskráninga. Nokkur sveifla er í fjölda útskriftarnema við skólann milli hausts og vors. Útskriftarárgangar hafa verið heldur litlir síðan vorið 2021.



Nemendur með annað móðurmál en íslensku (AM-nemendur)

Á vorönn 2024 voru 161 nemandi með annað móðurmál en íslensku en á haustönn er áætlað að um 180 AM-nemendur. Hlutfall AM-nema var því 20% bæði vor og haust 2024.

Í töflunni hér fyrir neðan má svo sjá hlutfall AM-nemenda skv. ársskýrslum skólans en hlutfallstölu miðast við upphaf anna.

Hlutfall AM-nemenda í upphafi anna		
Önn	Vor	Haust
2021		12%
2022	13%	17%
2023	19%	18%
2024	20%	20%

AM-nemendum við skólann hefur fjölgað mjög mikið á undanförunum árum. Fjölgunin var mikil árið 2022 vegna stríðsins í Úkraínu og komu flóttafólks frá Venesúela. Enn fjölgaði þeim hlutfallslega árið 2024. Fróðlegt verður að sjá hver þróunin verður á næstu árum.

Nemendur með 44 erlend ríkisföng voru skráðir í dagskólann haustið 2024. Ríkisföngin voru sem hér segir (fjöldatölur innan sviga):

Afganistan (25), Albanía (4), Bandaríkin (1), Búlgaría (2), Brasilía (1), Danmörk (1), Egyptaland (2), El Salvador (1), Filippseyjar, Gambia (2), Grikkland (1), Hondúras (1), Indland (1), Írak (6), Íran (1), Ítalía (1), Jemen (5), Kenía (1), Kína (2), Lettland (4), Litháen (13), Líbía (1), Malaví (1), Nepal (1), Nígería (1), Palestína (8), Pólland (30), Portúgal (2), Rúmenía (9), Rússland (1), Serbía (2), Síle (1), Sómalía, Súdan (1), Suður-Súdan (1), Spánn (3), Sýrland (8), Tékkland (1), Taíland (2), Úganda (3), Úkraína (7), Venesúela (14), Víetnam (18) og Þýskaland (5).

Samtals voru 195 nemendur með erlent ríkisfang í skólanum haustið 2024 195 eða 22% nemenda.

Einungis fulltrúa frá Ástralíu og Suðurskautslandinu vantar þegar horft er til heimsálfa. Í viðauka A má svo finna kort þar sem upprunalönd nemenda eru lituð blá eftir ríkisföngunum 44.


Fjarnemar

Fjöldatölur - þróun

Annir í fjarnámi eru þrjár: vor (V), sumar (S) og haust (H). Nokkuð stöðugleiki er í fjölda fjarnema á haustin og vorin en þá sækja 1200-1300 nemendur sér fjarnám við skólann. Tölur fyrri ára eru fengnar úr fyrri ársskýrslum en tölur fyrir árið 2024 voru fengnar frá Hagstofu Íslands í gegnum Innu: 5. febrúar, 17. júní og 14. september 2024.

2020			2021			2022			2023			2024		
V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H
1206	1104	1274	1346	981	1099	1300	705	1191	1298	920	1277	1451	1062	1366

Vorönnin 2024 var sérstaklega fjölmenn og er nemendafjöldi í fjarnámi í raun meiri en hann var 2020 og 2021 þegar heimsfaraldur gekk yfir.



Alls tóku 109 nemendur í dagskóla FÁ áfanga í fjarnámi vorið 2024 og um 130 haustið sem er svipaður fjöldi og árið 2023

Fjöldatölur - skipting milli landshluta

Rúmlega 40% fjarnema komu úr Reykjavík eins og 2023. Að öðru leyti koma stærstu hóparnir af höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi-eystra þar sem stórir byggðarkjarnar eru.

	Bæjarfélag	vor 2024	sumar 2024	haust 2024
Landsbyggð	Austurland	30	23	37
	Norðurland eystra	63	79	65
	Norðurland vestra	20	16	10
	Suðurland	90	67	79
	Suðurnes	80	56	85
	Vestfirðir	17	12	10
	Vestmannaeyjar	8	4	5
	Vesturland	50	30	36
	Samtals af landsbyggð	358 (25%)	287 (28%)	327 (24%)
Höfuðborgarsvæðið	Garðabær	60	63	52
	Hafnarfjörður	120	98	131
	Kópavogur	181	132	187
	Mosfellsbær	67	35	64
	Seltjarnarnes	15	8	7
	Samtals af Höfuðborgarsv. utan Rvík.	443 (31%)	336 (32%)	441 (33%)
	Reykjavík	608 (43%)	420 (40%)	581 (43%)
	Samtals (nemendur með pósthúmer)	1409	1043	1349

Kynjaskipting

Í meðfylgjandi töflu er að finna kynjaskiptingu fjarnema.

Önn	Karlar (%)	Konur (%)	Annað eða ótilgreint kyn (%)
Vor	40,0	59,7	0,3
Sumar	43,4	56,6	0,0
Haut	37,7	62,2	0,1

Eins og í dagskóla eru fáir sem skilgreina sig með öðru kyni í Innu.

Aldursdreifing


Aldur fjarnema var nokkuð svipaður og árið 2023 og talsvert hærri en í dagskóla þótt margir fjarnemar séu grunnskólanemar.

Önn	Meðalaldur	Miðgildi aldurs	Staðalfrávik aldurs
Vor	24,6	20,5	11,0
Sumar	23,2	19,0	9,4
Haut	25,1	20,0	11,7

Skipting skráninga gagnvart lokaprófi

Nemendur í fjarnámi þurfa að þreyta lokapróf nema í undantekningartilvikum. Lokaprófin eru þreytt í skólahúsnæði Fjölbautaskólans við Ármúla við Ármúla 12, í öðrum viðurkenndum fræðslumiðstöðvum hér heima og erlendis, eða á ræðismannsskrifstofum víða um lönd.

Á næstu síðu er graf yfir skráningar í fjarnám eftir því hvort nemandi mætir í lokapróf, stenst lokapróf eða þreytir lokapróf. Niðurstöður eru reiknaðar yfir vor, sumar og haust.



Rúmlega 60% nemenda þreyta lokapróf alla jafna en rúmlega þriðjungur heltist úr lestinni og mætir ekki til lokaprófs. Árið 2024 var afar hefðbundið að þessu leyti.

Ef miðað er við árið 2020 þá gæti skólinn hækkað hlutfall þreyttra lokaprófa með því að hafa lokapróf með frjálslægri hætti. Að mati skólasamfélagsins stendur skólinn vörð um gæði námsins með því að hafa lokapróf á viðurkenndum prófstöðum. Nemendur sem mæta til lokaprófs þurfa t.d. að framvísa skilríkjum og geta ekki notað nema leyfð hjálpargögn.

Rekstur

Afkoma ársins 2024 var neikvæð um 2,7 milljónir. Fara þarf aftur til ársins 2016 til þess að finna neikvæða afkomu og eru þetta einungis í annað sinn á síðustu 10 árum sem afkoman reiknast neikvæð.

	2020	2021	2022	2023	2024
Framlag úr ríkissjóði skv. fjárlögum	1.508.732.463	1.533.917.351	1.641.514.431	1.822.761.550	1.992.328.803
Aðrar tekjur	163.554.030	173.159.876	150.895.389	185.262.493	142.333.037
Tekjur samtals	1.672.286.493	1.707.077.227	1.792.411.842	2.008.024.043	2.134.661.840
Laun	1.297.217.213	1.306.199.461	1.365.611.133	1.506.954.928	1.681.805.661
Önnur gjöld	343.959.854	379.520.519	408.080.295	465.561.236	470.685.906
Gjöld alls	1.641.177.067	1.685.719.980	1.773.691.428	1.972.516.164	2.152.491.567
Afkoma fyrir fjármagnsliði	40.976.357	31.109.426	21.357.247	18.720.414	-2.641.697
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.057	37.365	25.414	32.712	-56.746
Afkoma ársins	40.953.300	31.072.061	21.331.833	18.687.702	-2.698.443

Námskraftur

Námskraftur er fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára sem uppfylla ekki inntökuskilyrði fyrir framhaldsskóla eða hafa innritast í framhaldsskóla en ekki náð að fóta sig. Markmið Námskrafts er að ungmennin nái að uppfylla inntökuskilyrði framhaldsskóla, styrkja sjálfsmýnd sína og efla trú á eigin getu í námi. Unnið er eftir þeirri hugmyndafræði að leggja áherslu á þrískiptingu náms í bóklega og verklega áfanga ásamt sjálfstyrkingu.

Á vorönn 2024 hófu alls 27 nemendur nám í Námskrafti og á haustönn 37 nemendur. 15 nemendur luku námskrafti með einingum á vorönn en 25 á haustönn. Nemendahópurinn var svipaður og í dagskólanum. Um 50-70% nemenda komu úr Reykjavík en aðrir úr nágrannasveitarfélögum. Um 40% voru drengir og um 60% stúlkur. Nánast enginn skilgreindi sig utan hins hefðbundna kynjakerfis. Um 75% nemendahópsins lauk ekki hæfniviðmiðum grunnskóla.

Í Námskrafti voru um 14 mál nemenda í samþættingu farsældar á árinu 2024.

Stefnur, áætlanir og verkefni

Umhverfismál

Enginn umhverfisfulltrúi starfað við skólann vorið 2024 en um haustið tók Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir við starfinu. Umhverfisráð var endurvakið með fimm nemendum. Það tók virkan þátt í litlu jólinum og fríbúðinni. Samgöngusamningur var rýndur og um hann skrifuð skýrsla. Jón Hafþór starfsmaður Bambahúss kom og kynnti sér aðstæður á þaki skólans til að starfrækja þar gróðurhús.

Plokkfélag FÁ var stofnað og voru keypt gul vesti og plokktangir sem nemendur og starfsmenn geta sótt í. Fundað var með fulltrúm [Grænna skrefa](#) um stöðu skólans en allt umhverfisstarfið tengist þeim á einn eða annan hátt.

Ýmsir möguleikar voru ræddir við Matfang sem annast mótuneytisrekstur í skólanum. Svo sem eins og að bjóða upp á grænkerafæði einu sinni í viku eða umhverfisvænna fæði og minnka matarsóun. Hugað var að stofnun áfanga tengdum umhverfismálum eins og áfanga sem miðar að því að draga úr fatasóun og að gera umhverfisráð að framhaldsáfanga í umhverfisfræði ofan á þann skylduáfanga sem allir stúdentar FÁ taka.

Af viðburðum er helst að nefna fríbúð og fataskipta- og dótaskiptamarkað. Þá voru ýmsir viðburðir skipulagðir tengdir umhverfismálum svo sem eins og [Dagur íslenskrar náttúru](#) og [Fánadagur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna](#)

Jafnréttismál

Vorið 2024 fór skólinn í gegnum endurvottun á jafnlaunakerfi skólans og uppfyllir það kröfur staðalsins ÍST 85:20212 og nær til allra starfsmanna skólans. Fyrir hönd skólans höfðu skólameistarar og gæðastjóri aðkomu að málinu en vottunaraðilinn var iCert. Launagreining var framkvæmd með aðhvarfsgreiningu í Emblu. Gerð var ein athugasemd við jafnlaunastefnu FÁ og brást skólinn fljótt og vel við henni. Að mati úttekstarstjóra ríkir vilji meðal æðstu stjórnenda til þess að stuðla að stöðugum umbótum jafnlaunakerfisins.

Haustið 2023 undirritaði skólinn viljayfirlýsingu um jafnvægisvögina til fimm ára í senn en markmið hennar er að kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum, nefndum, ráðum og stjórnnum verði 40/60 og að hlutfall annars kynsins sé aldrei minna en 40%. Í framkvæmdastjórn skólans eru tveir karlar og þrjár konur og hefur svo verið frá 2023.

Skólinn hafnaði í þriðja sæti í fyrir jafnrétti í Stofnun ársins 2024 sem verður að teljast góður árangur.

Kynningarmál

Í ágúst tók Kristín Valdemarsdóttir til starfa sem nýr markaðs- og kynningarstjóri í 65% stöðugildi. Hlutverk hennar er m.a. að sjá um að kynna skólann og námið og sjá um upplýsingagjöf til nemenda og annarra. Kynningarstjóri ritstýrir heimasíðu skólans.

Ráðist var í það að setja upp nýja heimasíðu þar sem gamla síðan var frekar óaðgengileg og erfitt að uppfæra. Skólinn er virkur á samfélagsmiðlum og póstar reglulega á samfélagsmiðlum. Nokkrir nýir upplýsingaskjái eru í skólanum þar sem hægt er að miðla upplýsingum til nemenda og einnig var tekin upp sú nýjung í byrjun haustannar að senda út fréttabréf FÁ til nemenda og forráðamanna.

Skólinn fékk Sahara auglýsingastofu til að gera [3 ný myndbönd](#) fyrir fjarnámið og er stefnan sett á að gera fleiri myndbönd fyrir skólann á næsta ári. Fjarnámið er auglýst á RÚV, á útvarpsstöðvum SÝN og með herferðum á samfélagsmiðlum.

Erlend samstarfsverkefni

Skólinn átti í blómlegum samskiptum við umheiminn árið 2024 eins og fyrri ár. Starfsmenn og nemendur skólans voru beinir þátttakendur í tveimur Erasmus + verkefnum: „Comparing Differences in Healthcare in Europe“ sem Heilbrigðisskólinn tekur þátt í og „A Green Day“ sem er fyrir bóknámshluta skólans. Fimmtán nemendur fóru í skólaheimsóknir tengdum Evrópuverkefnum á árinu ásamt nokkrum starfsmönnum og kennurum.

Í hverjum einasta mánuði komu gestir að heimsækja FÁ, þetta voru námsráðgjafar, skólastjórnendur, kennarar, nemendur og skólahjúkrunarfræðingur, sem komu til að kynna sér starf skólans. Gestirnir í ár komu frá Belgíu, Danmörku, Frakklandi, Noregi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð og Tékklandi.

Tilgangur heimsóknanna var til að heimsækja kennslustundir, spjalla við meðlimi skólasamfélagsins, kynna sér úrræði gegn brottfalli eða fylgja starfsfólki skólans við störf (e. job shadowing) en einnig komu danskir sjúkraliðar í vinnustaðanám á vegum Heilbrigðisskólans.

Bróðurpartur starfsmanna FÁ fóru í skólaheimsókn til Portúgals í skóla sem hann hefur verið í samstarfi við til fjölda ára. Einnig fóru starfsmenn á ráðstefnur erlendis og í starfsspeglun (e. job shadowing).

Skólinn hlaut á árinu aðra Erasmus+ aðild eða vottun fyrir bóknámshluta skólans, en var fyrir með vottun fyrir starfsnámshlutann

Félagsmál

Á vorönn 2024 var Kristín Valdimarsdóttir félagsmálafulltrúi skólans en af henni tók Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir um haustið.

Nemendur skólans kepptu í: Gettu Betur, Morfís, Söngkeppni framhaldsskólanna og framhalsskólaleikunum í rafíþróttum (FRÍS). Skólinn datt út í útvarpshluta Gettu Betur gegn sterku liði Menntaskólans í Reykjavík. Í Morfís gerði skólinn sér lítið fyrir og [lagði Verslunarskóla Íslands að velli](#) en datt út í næstu umferð eftir viðureign við Flensborg. Lið skólans komst alla leið í 8-liða úrslit í FRÍS. Katrín Edda Sveinbjörnsdóttir vann söngkeppni FÁ með frumsamda laginu Penthos og stóð sig með mikilli þrýði í lokakeppninni 5. apríl. Þá skipulögðu nemendur í kvikmyndaáfangi [Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna](#) í Bíó paradís dagana 20-21. mars.

Virkustu klúbbar skólans á vorönninni voru nördaklúbburinn og rafíþróttaklúbburinn. Hóparnir eiga í samskiptum á Discord. Nördaklúbburinn hittist í hádeginu á fimmtudögum og spila Dungeons and Dragons á föstudögum. Rafíþróttaklúbburinn spilar í gegnum netið og tók þátt í FRÍS fyrir hönd skólans. Hinsegin félag skólans lognaðist út af. Nýr klúbbur var stofnaður sem heitir Interest Club en í honum voru margir nemendur sem einnig eru í Nördaklúbbnum.

5. mars tóku um 400 nemendur þátt í árdegi sem haldinn var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá geta nemendur keppt í liðum í hinum ýmsu þrautum sem skipulagðar eru af kennurum. Dagana 20.-22. mars sýndi leiklistaráfangi skólans svo leikverkið Fólk er furðulegt á þremur sýningum. Skólinn hélt sumarball með Borgó, FB, Tækniskólanum og Fmos í Kolaportinu. Af 500 nemendum á ballinu mættu 80 úr FÁ. Vel hefur gengið að halda böll með öðrum skólum.

Vorið 2024 voru ýmsir smærri viðburðir í skólanum eins og: Kahoot-keppnir, snúðadagur, boðið var upp á popp, haldið var upp á bolludaginn, farið var í skautaferð, haldið var upp á öskudaginn, tölvuleikjamót, vorgrill svo fátt eitt sé nefnt.

Haustið 2024 byrjaði með nýnemaferð í Guðmundarlund. Þrjónaklúbbur og spilaklúbbur voru virkir alla haustönn. Einnig var nýnemafráð stofnað og umhverfisráð endurvakið. Þessi ráð funda reglulega.

Gettu Betur lið skólans hóf æfingar í október sem skilaði sér í góðum árangri á nýju ári. 13. nóvember var Loksins ballið haldið með fjórum öðrum skólum og fóru um 100 nemendur FÁ á það. Þá fóru um 180 nemendur í heimsókn í FB þar sem [keppt var í knattspyrnu](#) og var boðið upp á snarl fyrir nemendur beggja skóla sem vakti mikla lukku. Fulltrúar stjórnmalaflokka tóku þátt í málstofu á fundarsal skólans og 21. nóvember voru haldnar [skuggakosningar](#).

Umhverfísráð stóð fyrir fríbúð í þrjár vikur og jólaviku með styrk frá Reykjavíkurborg. Þá voru viðburðir skipulagðir vegna nokkurra daga: bleikur dagur til minningar um Bryndísi Klöru og [Evrópski tungumáladagurinn](#). Haldnir voru fyrirlestrar um tölvuleiki og tölvuleikjamót skipulagt.

Forvarnarmál

Forvarnafulltrúi á vorönn var Kristín Valdemarsdóttir en við henni tók Guðlaug Þorvaldsdóttir á haustönn.

Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu 7. -21. febrúar 2024. Skólinn endaði í öðru sæti í sínum flokki.

[Bæklingi samanhópsins](#) var dreift til allra nemenda of forráðamanna um miðjan september.

Í september var íþrótta- og forvarnavika þar sem sálfræðingur skólans Bryndís Lóa Jóhannsdóttir hélt erindi um áföll. Þann 10. september voru nemendur hvattir til að mæta í gulu í tilefni af gula deginum sem er alþjóðlegur dagur forvarna gegn sjálfsvígum.

Skólafundur var haldinn 9. október með þátttöku nemenda. Skólafundur var tileinkaður forvörnum og líðan nemenda. Kennarar og nemendur ræddu saman í litlum hópum. Meðal umræðuefna var líðan, ofbeldi, samskipti, kærleikur, jákvæðni, samfélagsmiðlar og símalaus dagur.

Flest agabrot forvarnafulltrúa voru vegna þess að nemendur voru staðnir að því að veipa á skólalóðinni og tvö mál vegna drykkju nemenda á balli. Forvarnafulltrúi tók einstaklingsviðtöl og í einu tilviki var sendur póstur heim til foreldra vegna annars brots.

Setrið

Setrið var starfrækt með hefðbundnum hætti í stofu A103 í austurálmú skólans. Í setrið geta nemendur leitað eftir námsaðstoð. Hér má sjá stundatöflu setursins eins og hún leit út þann 8. október 2024.

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:15-9:15	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
9:20-10:20	Opið	Opið	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð	Rut Þorbjörnsdóttir þýska-sálfr.-félagsfr. bekkarut1@gmail.com
10:40-11:35	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð	Katrín Edda ÍSAN og enska kattedda@gmail.com	Katrín Guðlaugsd. danska kattedda07@gmail.com	Sara Hlín efnafræði og stærðfr. sarahivarsdottir@gmail.com	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð
11:35-12:30	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð	Opið	Freyja Sara almenn námsaðstoð freyjasara@gmail.com	Opið	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð
13:05-14:05	EINKAKENNSLA Bara með tímapöntun á kristjanthor@fa.is	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð	Kristján Þór Sverrisson almenn námsaðstoð	Aron Freyr efnafræði aronrex04@gmail.com	Opið
14:10-15:05	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
15:05-16:00	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið

Setrið var tekið út í þjónustukönnun 9.-30. október. Samkvæmt könnuninni koma um 40 manns daglega í setrið sem verður að teljast harla gott. Ánægja er með setrið hjá þessum hópi.

Starf Fjölbrautaskólans við Ármúla var þróttmikið á árinu 2024. Nýnemum við skólann heldur áfram að fjölga og nýnemahópurinn heldur áfram að yngjast í takt við það. Opin stúdentsbraut heldur áfram að vera vinsælasta stúdentsbraut skólans eins og hún var árið 2024. Enn heldur fjarnámið að vaxa og er nemendafjöldi í fjarnámi nú meiri en hann var í heimsfaraldri vegna covid-19. Hæg aukning var í fjölda AM-nemenda eins og árið 2023.

Reykjavík í júní 2025

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri

Viðauki A: Upprunalönd nemenda við FÁ á heimskortinu (blá)

